n storminum

opnuð í Listasafni Reykjavíkur annað kvöld n skemmtileg, pólitísk, fyndin og feminísk



Morgunblaðið/G. Rúnar

engdar við kvennabaráttu.“ Gjörningaklúbburinn frá vinstri: Sigrún, Eirún og Jóní.



erka Jó-
ni.

-gráðu
rið 2000
chool of
rið 2005.

» Þá berjast þær einnig gegn ýmsum öðrum mýtum í listaheiminum, til dæmis þeirri að listin megi aldrei vera skemmtileg. „Er til dæmis bannað að skemmta sér og flissa? Gjaldfellir það þá listaverkið ósjálfrátt? Geta stelpuleg gildi haft eitthvert vægi sem listaverk? Það eru mjög margir sem eiga mjög erfitt með að samþykkja þetta.“

ns vegar
en það er
t þurfi að
ð er gert.
ð landinu

nikil áhrif
s að hann
onum, en
greina að
inn. „Það
kosning,
með mjög
Eirún, en
lega unn-
l dæmis
n það eru
reglur að
klúbbinn,

nn vekur
úbburinn
ð kvenleg
umaskap,
stur. „Við
eðra okk-
En svo er
ni. Ef við
ákveðum
bara. Við
við kunn-
efnið sem
dur með-

rna kven-
ga aldrei
ennt sem
að sumu
í. „Það er
réttlæti í
em konur

gerðu sé ekki eins merkilegt og það sem karlar gerðu.“

Þá berjast þær einnig gegn ýmsum öðrum mýtum í listaheiminum, til dæmis þeirri að listin megi aldrei vera skemmtileg. „Er til dæmis bannað að skemmta sér og flissa? Gjaldfellir það þá listaverkið ósjálfrátt? Geta stelpuleg gildi haft eitthvert vægi sem listaverk? Það eru mjög margir sem eiga mjög erfitt með að samþykkja þetta,“ segir Sigrún, en í einu verki á sýningunni má einmitt sjá nokkrar stúlkur í glys-kjólum sem drekka kampavín, skríða undir borð og flissa.

Þá hafa stúlkurnar ekki farið varhluta af fordómum gagnvart gjörningnum sem slíkum, sem sumir telja hina mestu vitleysu. „Hann er náttúrlega lægstur í fæðukeðjunni í listinni. Það var líka að hluta til þess vegna sem við ákváðum að byrja á þessu, okkur fannst þetta svo vandræðalegt og hallærislegt form,“ segja þær og hlæja.

En hefur skilningurinn ekkert aukist á undanförnum ellefu árum? „Kannski ekki skilningur, en fjöldi gjörninga hefur aukist og núna er meira að segja komin sérstök gjörningahátíð, Sequenses. Þannig að það eru allavega einhverjar hræringar í þessu,“ segir Jóní.

„Formin eru líka mikið að renna saman, tónlist, myndlist og leiklist, það eru allir í öllum geirum mjög spenntir fyrir hinum,“ segir Sigrún. „Við erum til dæmis alltaf svolítið svekktar yfir því að vera ekki meiri tónlistarmenn. Við kunnum ekkert á hljóðfæri,“ segir Jóní og hlær. „En það er einmitt mjög gaman að takast á við það sem maður kann ekki. Það er það sem er kannski mest ögrandi,“ bætir Eirún við, og þær útiloka því ekki að færa sig meira út í tónlistina á næstu misserum.

Með Hilmari Erni

Þótt undarlegt megi virðast ætlar Gjörningaklúbburinn ekki að vera með gjörning á opnuninni annað kvöld. „Við ætlum að skoða hvernig allt þetta dót getur lifað án okkar,“ útskýrir Eirún, en þær munu þó líklega gera einn gjörning með Hilmari Erni Hilmarssyni tónskáldi á meðan á sýningunni stendur, líklega í lok september eða byrjun október. „Þá fáum við vonandi einhverja útrás fyrir tónlistina,“ segja þær hlæjandi.

Fleira verður gert á sýningartímabilinu því boðað hefur verið til tveggja fyrirlestra, annars vegar með þeim þremur og hins vegar með þeim og Arnaldi Schram frá THG arkitektum sem hannaði áðurnefnt völundarhús ásamt Gjörningaklúbbnum. Fyrirlestrarnir verða auglýstir þegar nær dregur.

Út um allan heim

Gjörningaklúbburinn hefur sýnt víða um heim á undanförnum ellefu árum, meðal annars í Helsinki, Kaupmannahöfn, San Francisco, New York, Varsjá og Tókýó. Nú stendur yfir sýning á verkum þeirra í Noregi, en sú sýning fer síðar til Belgíu, Frakklands, Bandaríkjanna og víðar. Þá munu þær opna sýningu á nýjum verkum í Þýskalandi í október. Sýningin í Hafnarhúsinu er því enginn endapunktur á starfsemi klúbbsins. „Við sjáum þetta miklu frekar sem yfirlit, tímapunkt til þess að taka stöðuna og sjá hvernig þetta lítur út. Það eru algjör forréttindi að hafa fengið það tækifæri,“ segja þær, og því ljóst að Gjörningaklúbburinn er hvergi nærri að hætta störfum. „Þetta er bara lognið á undan storminum,“ segir Jóní og horfir björtum augum fram á veginn. „Við höfum alltaf séð okkur sem gamlar konur í þessum búningum sem við eigum, að sýna gjörninga. Við erum meira að segja að hugsa um að fá gamlar leikkonur til að fara í búningana og leika okkur, þannig að við getum séð inn í framtíðina.“

Sýning Gjörningaklúbbsins verður opnuð í Hafnarhúsinu klukkan 20 annað kvöld. Hún stendur yfir til 21. október.

TENGLAR

www.ilc.is
www.listasafnreykjavikur.is



Reuters

Umdeildur Ahmadinejad Íransforseti hefur kallað Ísraelsríki „æxli“ sem flytja bæri til Þýskalands eða Austurríkis.

Fylgja árásir í kjölfar orðastríðsins?

Bush Bandaríkjaforseti segir að ef Íranar fá að koma sér upp kjarnorkuvopnum vofi „kjarnorkuhelför“ yfir Mið-Austurlöndum. Bandaríkin muni bregðast við þessari ógn áður en það er um seinan. Þýða þessi ummæli að vaxandi líkur séu á því að gerð verði hernaðarárás á Íran?

FRÉTTASKÝRING

Eftir Davíð Loga Sigurðsson
david@mbl.is

Skeytasendingarnar sem nú ganga á milli leiðtoga Bandaríkjanna og Írans eru af þeim toga að vel má færa rök fyrir því að stríð sé nú þegar skollið á í samskiptum ríkjanna tveggja. Bandaríkjastjórn hefur að vísu ekki enn hafið stýriflaugaárásirnar – sem sumir hafa fullyrt á undanförnum tveimur árum eða svo að væru yfirvofandi – en orðastríðið, sem svo má kalla, hefur magnast til muna.

Bush fór hörðum orðum um íranska ráðamenn í ræðu sem hann flutti á þriðjudag í Reno í Nevada. Hann sakaði stjórn Mahmouds Ahmadinejads Íransforseta um að veita beinan stuðning þeim öflum í Írak sem þar hafa staðið fyrir ofbeldi og illræðisverkum og sagði að írönsk stjórnvöld bæru ábyrgð á þjálfun öfgahópa sjíta í Írak. M.a. hefðu Íranar séð slíkum hópum fyrir vopnum, þ.á m. háþróuðum vegsprengjum.

„Íran hefur lengi verið uppspretta ólgu í heimshlutanum,“ sagði Bush einnig. „Einörð viðleitni Írans til að koma sér upp tækni sem gæti leitt til þess að búin yrðu til kjarnorkuvopn veldur því að heimshluti sem nú þegar er þekktur fyrir óstöðugleika og ofbeldi gæti orðið fyrir ógn kjarnorkuhelfarar.“

Lét Bush svo um mælt að menn gætu treyst því að Bandaríkin myndu bregðast við þessari ógn áður en það yrði um seinan.

Fyrr sama dag hafði Ahmadinejad hins vegar látið þau orð falla að pólitísk áhrif bandarískra hernámsliðsins í Írak væru á hverfanda hveli. „Við munum bráðlega vakna upp við mikið valdatóm í heimshlutanum. Við erum að sjálfsögðu undir það búnir að fylla í það tómarúm,“ sagði hann.

Voru ummælin túlkuð sem ögrun við Bandaríkjastjórn sem áhyggjur hefur af því að írönsk stjórnvöld vilji nota upplausnarástandið í Írak til þess að auka völd sín og áhrif í heimshlutanum.

Íranskir ráðamenn fullyrða að kjarnorkuáætlun þeirra eigi sér friðsamleg markmið, einungis eigi að framleiða orku, en ekki vopn. Ahmadinejad forseti hefur hins vegar talað þannig um rétt Írana til að koma sér upp kjarnorkuvopnum að fáir leggja fullan trúnað á þær staðhæfingar, auk þess sem tilraunir Írana til að auðga úran benda til að tilgangurinn sé annars eðlis en friðsamlegur. Ber að hafa í huga í þessu samhengi að Íranar hafa skuldbundið sig til að hlíta skilmálum NPT-sáttmálans um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Byltingarvörðurinn sem hryðjuverkasamtök

Sem fyrr segir hafa Bandaríkjamenn sakað Íran um að aðstoða öfgamenn úr röðum sjía-múslíma í Írak. Nýlega var greint frá því að stjórnvöld í Washington hyggist skilgreina Byltingarvörðinn – 125.000 manna úrvalssveitir íranska hersins – sem hryðjuverkasamtök vegna meintrar aðstoðar hans við öfgasveitir sjíta í Írak.

Þessar fréttir eru ekki aðeins taldar tengjast vígstöðunni í Írak sjálfu heldur hinni langvinnu deilu um kjarnorkuáætlanir Írana og eru bandarísk stjórnvöld sögð vilja auka enn hinn pólitíska þrýsting á Írana um að binda enda á kjarnorkuáætlun sína. Mörgum þykir sem tíminn sé að renna út, þess megi vænta að jafnvel á næsta ári eða því þarnæsta geti Íranar fagnað framleiðslu fyrstu sprengjunnar.

Hitt er víst að Íranar myndu líta á það sem beina og grófa ögrun ef Bandaríkjamenn gerðu alvöru úr því að skilgreina Byltingarvörðinn sem hryðjuverkasamtök.

Aðeins vondir kostir í stöðunni

En er þá öruggt að aðgerðir fylgi á endanum í kjölfar ummæla í líkingu við þau sem Bush Bandaríkjaforseti lét falla í fyrradag?

Tveir möguleikar virðast vera í stöðunni hvað það varðar. Annars vegar hafi bandarískir ráðamenn ákveðið að magna þrýsting á Írana vegna kjarnorkuáætlunar þeirra sökum þess að þeir telji að aðeins þannig verði hægt að fá Íran til að hverfa frá henni. Hinn möguleikinn sé sá að Bandaríkjastjórn hafi nú þegar komist að þeirri niðurstöðu að ekki verði hægt að stöðva Írana með friðsamlegum leiðum og að því verði að kynda undir svo hægt sé að stíga næsta skref: gera margumtalaðar árásir í því skyni að eyðileggja kjarnorkuáætlun Írana.

Vaxandi þungi á meint afskipti Írana af atburðum í Írak, þ.m.t. á vígvellinum sjálfum, mætti skoða í þessu ljósi, enda líta sumir svo á að þau gefi Bandaríkjamönnum þá réttlætingu sem þeir þurfi, séu eins konar stríðsástæða, *casus belli*.

„Þeir vita að hvers konar aðgerð gegn Íran mun verða svarað með tilhlýðilegum hætti,“ sagði Ahmadinejad hins vegar á þriðjudag um möguleikann á hernaðarárás Bandaríkjamanna. Og augljóst er að ákvörðun um árás á Íran gæti haft hrikalegar afleiðingar.

Fyrir það fyrsta er ekki víst að með því að skjóta stýriflaugum á kjarnorkuver Írana náist sá árangur sem eftir sé vænst. Íranar hafa dreift kjarnorkuverum sínum víða um landið og falið sumar stöðvar, jafnvel neðanjarðar. Þá er ekki víst að menn hafi þá öruggu vitneskju um staðsetningu veranna sem þarf.

Í öðru lagi hafa menn áhyggjur af því hverjar afleiðingar slíkra aðgerða yrðu. Vart er hægt að segja, að almenningsálit í veröldinni sé Bandaríkjastjórn hliðhollt og því er næsta víst að mikil óánægjubylgja færi um heimsbyggðina, að ekki sé talað sérstaklega um múslímaheiminn, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þá má gefa sér að Íran tæki slíkri árás ekki orðalaust. Hvað það hefði í för með sér er í raun ómögulegt að segja til um. Mögulega myndu Íranar auka til muna stuðning við hryðjuverkaöfl, hvort heldur væri í Írak eða í Líbanon (Hezbollah), svo dæmi séu tekin.

Aðeins vondir kostir virðast því í stöðunni, gefi menn sér að Íran með kjarnorkuvopn valdi slíkum óstöðugleika í heimshlutanum (ekki síst í ljósi yfirlýsinga þarlendra ráðamanna um eyðingu Ísraelsríkis) og sé algerlega óviðunandi kostur.

Í HNOTSKURN

» **Íran er aðili að NPT-sáttmálanum um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna. Þeir segjast hins vegar hafa fullan rétt til að reka kjarnorkuáætlun og fullyrða að markmið hennar séu einungis friðsamleg.**

» **Bandaríkjastjórn og raunar flest önnur áhrifaríki telja hins vegar ljóst að tilgangur kjarnorkuáætlunarinnar sé sá að búa til kjarnorkusprengju.**